

## Spurningar um angurværð

Góð og ýtarleg svör við þessum spurningum koma sér vel í próflestri.

1. Útskýrðu hvers vegna áratugirnir þrír eru kallaðir kraftaverkaár. Komdu með dæmi.
2. Mörg pólitísk mál voru í deiglu á þessum tíma, nefndu nokkur.
3. Hverjir eru kallaðir útrásarmenn í bókmenntasögunni? Nefndu nokkra.
4. Hvað er merkilegt við tímaritið *Skírni*? Hvers konar tímarit er það?
5. Hvað er táknsæi eða sýmbólismi? Útskýrðu með dæmum.
6. Hvað einkennir stíl nýrómantískra ljóða?
7. Teldu upp amk. sex yrkisefni nýrómantískra ljóða.
8. Hvers vegna er ljóðið „Bikarinn“ nýrómantískt? (amk. 4 einkenni)
9. Hvernig kom nýrómantík fram í málverkum?
10. Nefndu 2 íslenska málara frá tímabilinu, hvað máluðu þeir?
11. Nefndu 3 verk eftir Jóhann Sigurjónsson. Hvernig speglast hugmyndafræði Nietzsches í verkum hans?
12. Hvers vegna er ljóðið *Sorg* svona mikilvægt í íslenskri bókmenntasögu? Kvæðið birtist á prenti mörgum árum eftir að það hafði verið ort. Hvaða skýringu gefur bókmenntasagan á því?
13. Hvað einkennir ljóð kvenna umfram önnur ljóð karlskálda á þessum árum?
14. Hvað er þula? Hverjir nýttu sér þuluformið? Hvers vegna?
15. Hver eru höfundareinkenni Huldu? (Hvað einkenndi ljóðagerð hennar?)
16. Líttu á titla ljóðabóka Huldu og útskýrðu þá út frá skáldadraumum kvenna sem vildu skrifa.
17. Hvað er merkilegt við ljóðabókina *Söngva förumannsins*? Hver er höfundur?
18. Þjóðfélagslega skáldsaga Jóns Trausta (í nokkrum bindum) naut meiri hylli almennings en *Sjálfstætt fólk* Halldórs Laxness. Hvaða verk er þetta?
19. Hvers konar saga er *Fjallkirkjan* og hver er höfundurinn?

20. Færðu rök fyrir þessari staðhæfingu: Þórbergur Þórðarson er einn allra sérkenni-  
legasti höfundur íslenskrar bókmenntasögu á 20. öld.
21. Um hvaða bók er sagt svo: „Um bókina alla leikur hressandi blær sem er eins og  
svölun í því mollulofti hræsni og yfirdrepsskapar, græsku og gunguskapar sem  
vér eigum of oft við að búa“? Hvaða viðtökur fékk verkið? Hvaða áhrif hafði það  
á líf höfundar? Nefndu fleiri verk eftir höfundinn.
22. *Flugur* Jóns Thoroddsen yngri þótti býsna (og þykir ennþá) merkileg ljóðabók,  
hvers vegna?
23. Hver er höfundur *Vefarans mikla frá Kasmír*? Hvað einkennir verkið?
24. Hvað skrifar Halldór Laxness á þessum árum?
25. Hvaða hugmyndir gerir þú þér um Halldór Laxness á þessu skáldatímabili hans?  
Rök.
26. Dýrasta ljóð á íslenska tungu var ort á þessu tímabili. Hver orti og hvers vegna  
viðhafði höfundurinn þessi ummæli um ljóð sitt? Hvað heitir ljóðið?
27. Fleiri höfundar yrkja framúrstefnuleg ljóð en höfundur hins dýrasta ljóðs.  
Nefndu tvo.